

Nd.

559. Frumvarp til laga

[275. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Þeir félagar í stéttarfélögum, sem atvinnulausir verða, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Stéttarfélög eru samtök manna, sem vinna í þjónustu annarra og taka laun fyrir vinnu sína, og hafa það meginverkefni að koma fram sem samningsaðili við atvinnurekendur um kaup og kjör félagsmanna sinna og fullnægja að öðru leyti reglum um stéttarfélög samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga né annarra sambærilegra aðila.

4. gr.

Félagi í stéttarfélagi, sem auk þess að stunda vinnu hjá gjaldskyldum atvinnurekanda, sbr. 9. gr., stundar sjósókn á eigin fari, á rétt til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði, enda óski hann þess í skattframtali sínu og geri örugga grein fyrir tímalengd sjósóknar sinnar.

II. KAFLI

Um stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs o. fl.

5. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur, er um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

- a) Iðgjöld atvinnurekenda skv. 10. gr.
- b) Framlag frá sveitarfélögum skv. 14. gr.
- c) Framlag úr rikissjóði skv. 15. gr.
- d) Vextir af innistæðufé sjóðsins og verðbréfum.

6. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og fjórir kosnir af sameinuðu alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi aðalmanna. Ráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna, sem greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal annast sjóðsvörslu, reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð í umboði sjóðsstjórnar og undir umsjá hennar.

Sjóðurinn skal greiða stofnuninni þóknun fyrir þjónustu hennar samkvæmt samkomulagi milli aðila. Náist ekki samkomulag skal ráðherra skera úr ágreiningi.

8. gr.

Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðun. Þeir skulu birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

III. KAFLI

Um iðgjöld.

9. gr.

Hver launagreiðandi, sem hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára og eldri, er tekur laun samkvæmt kjarasamningi eða launataxta stéttarfélags, sbr. þó 2. og 3. gr., svo og iðnnema, skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þeir sem um ræðir í 4. gr. skulu greiða iðgjöld vegna sjósóknar sinnar.

10. gr.

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu, skv. 8. launaflokki A. Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, vegna hvernar vinnuviku sem starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Sé um að ræða fasta starfsmenn, reiknast árið 52 tryggingarvikur, en hjá öðrum starfsmönnum reiknast hverjar unnar 40 klukkustundir ein tryggingarvika. Tryggingarvikufjöldi sjómanna er skráningar- eða ráðningartími í skipsrúm.

Við ákvörðun iðgjalds skal miða við meðalkaup á s. l. ári skv. umræddum taxta og skal það reiknast af Hagstofu Íslands.

Við ákvörðun iðgjalds skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 9. gr., jafngildir hver róðrardagur 12 vinnustundum.

11. gr.

Allir þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun, sbr. 9. og 10. gr., eru skyldir til þess að skýra frá því ókeypis á launamiðum og launaframtali í því formi, sem ríkisskattstjóri ákveður. Sama skylda hvílir á þeim aðila, sem hefur milligöngu um greiðslu launa. Á launamiða skal greina í vikum eða vinnustundum lengd starfstíma starfsmanna á árinu og það stéttarfélag, sem gert hefur samning eða sett taxta þann, sem launamanni er greitt eftir.

Um skilafrest launaframtals, meðferð þess og viðurlög, skulu gilda ákvæði X.—XII. kafla laga nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980 um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við á.

12. gr.

Iðgjöld samkvæmt 10. gr. skal skattstjóri leggja á með tekjuskatti og eignarskatti. Fer um skráningu og birtingu álagningar eftir 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 40/1978, sbr. lög nr. 7/1980. Um kærur, gjaldfresti og úrskurði fer eftir 99. og 100. gr. sömu laga.

Gjalddagar skulu vera hinir sömu og gjalddagar tekjuskatts og eignarskatts. Iðgjöld af lögskráðum sjómönnum skulu lögð á og innheimt fyrirfram af lögskráningarstjórum.

13. gr.

Iðgjöld skv. 10. gr. skulu innheimt af innheimtumönnum ríkissjóðs eða sérstökum innheimtustofnunum. Skulu ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalds að svo miklu leyti sem við getur átt.

Iðgjöld vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs og almannatrygginga.

14. gr.

Sveitarsjóður skal greiða framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé árlega jafnhátt heildariðgjöldum skv. 10. gr. í því sveitarfélagi. Innheimtumenn ríkisins skulu innheimta framlag þetta án endurgjalds. Áætlað framlag sveitarfélags greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. hafa endanlega verið ákveðin.

Um dráttarvexti skulu gilda reglur laga um tekjuskatt og eignarskatt.

15. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs, er skal nema tvöfalt hærrí fjárhæð en heildariðgjöld skv. 10. gr.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. hafa endanlega verið ákveðin. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir framlag þetta.

Um dráttarvexti gilda ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt.

IV. KAFLI

Um bótarétt.

16. gr.

Rétt til atvinnuleysisbóta skv. lögum þessum hafa þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.:

1. Eru 16 ára að aldri.
2. Dvelja hér á landi.
3. Eru fullgildir félagsmenn í stéttarfélögum.
4. Hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu.
Hver róðrardagur við sjósókn, sbr. 4. gr., telst 12 klst., en þó reiknast slík vinna samtals aldrei fleiri klukkustundir en nemur tvöföldum þeim vinnustundafjölda sem umsækjandi hefur unnið tryggingarskylda dagvinnu hjá öðrum.
Hafi maður stundað samfellt vinnu fyrir og eftir að hann náði 16 ára aldri, öðlast hann rétt til bóta, ef hann hefur unnið í tryggingarskyldri vinnu a. m. k. þriðjung tilskilins dagvinnutíma, eftir að hann varð 16 ára.
5. Sanna með vottorði vinnumiðlunarstofu skv. lögum um vinnumiðlun, að hann hafi verið atvinnulaus 3 eða fleiri heila vinnudaga.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, er maður hefur verið í verkfalli eða verkþann tekur til.

17. gr.

Sá, sem fullnægir skilyrðum bótaréttar samkvæmt 16. gr., en tekur starfi, sem ekki er tryggingarskytt skv. lögum þessum, og stundar það allt að 24 mánuðum, heldur að loknu því starfi bótarétti þeim, sem hann hafði áunnið sér, enda taki ákvæði annarra laga eða samninga um atvinnuleysistryggingar ekki til starfsins. Sama gildir um þá, sem taka að stunda nám eða heimilisstörf allt að 24 mánuðum.

Ef sá, sem hefur áunnið sér rétt til bóta, verður að hverfa frá vinnu vegna veikinda, heldur hann þeim bótarétti, þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann veikindin með læknisvottorði, svo og vinnuhæfni sína, ef hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum.

Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans. Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar gilda eftir því sem við á um þá, sem taldar eru í 3. tl. 21. gr.

18. gr.

Sá sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysibóta í allt að sex vikur, ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfun eða dvölin á námskeiðinu hófst, enda njóti hann ekki launa. Sama gildir, þegar bótaþegi sækir námskeið verkalyðssamtaka eða almenn námskeið, sem miða að aukinni starfs-
hæfni hans, allt að sex vikum. Úthlutunarnefnd skal tilkynna hlutaðeigandi vinnumið-
unarskrifstofu ákvarðanir sínar samkvæmt þessari málsgrein. Úthlutunarnefnd krefur bótaþega um sannanir um þátttöku hans skv. framansögðu að viðlagðri sviptingu bóta.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða á vinnustað eða utan hans, enda verði það talið nauðsynlegt vegna verulegra breytinga og nýjunga í starfsháttum, eða ef atvinnuleysi eða hliðstæðir erfiðleikar eru fyrirsjáanlegir í ákveðnum starfsgreinum. Styrkur má nema allt að þeim atvinnuleysisbótum, sem hver einstakur þátttakandi hefur áunnið sér rétt til, auk óhákvæmilegs ferðakostnaðar þátttakanda, sem miðast við fargjöld með almenningsfarartækjum.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

19. gr.

Maður, sem fengið hefur rétt til bóta, en bótatíma hans er lokið skv. 22. gr., heldur bótarétti sínum ef hann er áfram atvinnulaus og fullnægir ákvæðum um skráningu hjá vinnumiðlun skv. lögum þessum.

Ellli- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt að loknu fyrsta bótatímabili, að þeir sanni vinnuhæfni sína með læknisvottorði.

20. gr.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta skv. framansögðu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt að ákveða að á afmörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning fara fram oftari en vikulega, enda verði slíkt talið eðlilegt með hliðsjón af atvinnuástandi.

21. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. greinar eiga eftirtaldir menn ekki rétt á atvinnuleysisbótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbanntekur til.
2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkrapeninga skv. lögum um almannatryggingar.

3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.
4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna, eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta skv. þessum tölulið fellur niður í fyrsta sinn 30 bótadaga og skerðist bótatímabil sem þessu nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótaréttindi að nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunarstofu, að hann hafi stundað vinnu í samfellit 6 vikur eftir að hann missti bótarétt sinn.
5. Þeir sem ófærir eru til vinnu af heilsufarsástæðum.
6. Þeir sem neita starfi, sem þeim býðst fyrir milligöngu vinnumiðlunar eða á annan sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við gildandi kjarasamninga. Bótaréttur glatast þó ekki þótt umsækjandi hafni vinnu ef hann með læknisvottorði sannar, að hann geti eigi stundað þá vinnu sem hann á kost á. Eigi fellur heldur niður bótaréttur þótt hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur eigi áður stundað, enda fylgi starfinu að mati úthlutunarnefndar mun meiri áreynsla og vösbúð en þeim störfum er hann áður hefur stundað. Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt heimilis-ástæðna umsækjanda.
Þegar hafnað er vinnu í annarri starfsgrein eða fjarri heimili, sbr. 3. og 4. mgr. þessa töluliðar, getur úthlutunarnefnd fellt niður bætur þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur.
7. Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu, sem gefur þeim tekjur eða tekjugildi, er samsvarar 8. taxta Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi, fyrir hverja vinnuviku.
8. Þeir sem firrt hafa sig bótarétti skv. 40. gr.

22. gr.

Maður, sem öðlast bótarétt skv. ákvæðum þessa kafla, á rétt á bótum fyrir þá heilu daga, sem hann er atvinnulaus, frá og með 1. skráningardegi, sbr. þó 4. mgr. 24. gr.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga. Enginn skal þó fá bætur fyrir fleiri en 180 daga á 12 mánuðum.

V. KAFLI

Atvinnuleysisbætur.

23. gr.

Hámarksdagpeningar atvinnuleysistrygginga skulu jafngilda launum fyrir 8 klukkustunda dagvinnu samkvæmt efsta starfsaldursþrepi 8. launaflokks Verkamannasambands Íslands. Lágmarksdagpeningar eru 1/4 hluti sömu launa.

Að auki skal greiða bótaþegum, sem hafa börn sín yngri en 17 ára á framfæri á heimili sínu eða greiða sannanlega með þeim meðlag utan heimilis, 4% af framan- greindum launum með hverju barni.

Af atvinnuleysisbótum greiðir bótaþegi 4% í lífeyrissjóð og Atvinnuleysis- tryggingasjóður 6%.

24. gr.

Fjárhæð bóta miðast við unnar dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum fyrir fyrsta skráðan atvinnuleysisdag. Hámarksbætur greiðast þeim, sem unnið hafa 1700 dagvinnustundir eða fleiri. Lágmarksbætur greiðast, þegar dagvinnustundir eru 425. Annars greiðast bætur í hlutfalli við dagvinnustunda- fjölda.

Bætur vegna barna skv. 23. gr. skerðast ekki.

Vinna í reglubundinni vaktavinnu svo og vinna, sem eðli sínu samkvæmt er jafnan unnin utan venjulegs dagvinnutíma, telst dagvinna í þessu sambandi, þó aldrei yfir 40 klukkustundir á viku.

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta, sem þeir eiga rétt á, sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess, ef um fleiri en eina er að ræða.

Nú hefur umsækjandi, sem hefur áunnið sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu 12 mánuðum í ekki skemmri tíma en 6 mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir, að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 520 dagvinnustundir vegna námsins til viðbótar vinnustundum hans að námi loknu.

Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 17. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju tryggingarskyld störf, gefi tilefni til annars.

Hafi umsækjandi notið atvinnuleysisbóta á síðustu 12 mánuðum, skal reikna honum bótadaga á því tímabili til starfstíma. Hafi hann notið fullra bóta, reiknast tímabilið með fullum dagvinnutíma, ella skerðist það í sama hlutfalli og bætur sem hann nauð.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum til skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma.

VI. KAFLI

Úthlutunarnefndir og greiðsla bóta.

25. gr.

Úthlutunarnefnd hefur á hendi úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband. Úthlutunarnefnd skal skipuð fimm mönnum, þremur frá því stéttarfélagi eða félagasambandi, sem hlut á að málum, einum frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einum frá Vinnuálagasambandi samvinnufélaga. Nefndin kýs sér sjálf formann og ritara.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun nefndarmanna og úrskurðar um kostnað vegna nefndarstarfanna. Allur kostnaður vegna nefndarstarfa greiðist úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

26. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau séu hvort tveggja í senn, umsóknir um atvinnu, til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublað um bætur, sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun.

Umsókn ásamt nauðsynlegum gögnum sendist úthlutunarnefnd.

27. gr.

Úthlutunarnefnd skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Nefnd er því aðeins ályktunarfær, að meirihluti nefndarmanna sitji fund.

Úthlutunarnefnd úrskurðar um umsóknir til samþykktar eða synjunar. Hún úrskurðar hvaða hundraðshluta hámarksbóta skal greiða umsækjanda. Allar ákvarðanir varðandi bótarétt skal færa í gerðabók, svo og úrskurði um ágreiningsatriði. Nefndarmenn skulu undirrita gerðabók.

Þegar úthlutunarnefnd hefur ákveðið hvaða bætur skal greiða umsækjanda, getur hún falið einstökum nefndarmönnum eða starfsmönnum sínum frekari

afgreiðslu, útreikning framhaldsbóta samkvæmt dagpeningavottorðum vinnumiðlunar og útborgun bóta.

Bótafjárhæðir samkvæmt úrskurðum nefndarinnar skal færa á bótaskrá. Í bótagögnum skal sérstaklega geta þess, ef ágreiningur hefur verið um úrskurð, svo og rita á þau þær athugasemdir eða skýringar, sem nefndin telur ástæðu til.

Að þessu loknu skal senda bótaskrá ásamt umsóknnum og fylgiskjölum til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar.

28. gr.

Þegar skrá um bætur hefur borist frá úthlutunarnefnd, sbr. 27. gr., skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar þegar í stað kanna skrána og fylgiskjöl hennar. Telji þessir aðilar, að einhverjum hafi verið úrskurðaðar bætur, sem ekki eiga rétt á þeim, eða að bætur séu rangt ákveðnar, skulu þeir leiðrétta skrána í samráði við úthlutunarnefnd. Verði ekki samkomulag um leiðréttingu, frestast að svo stöddu greiðsla bóta að þeim hluta, sem ágreiningur er um, og fer um ágreininginn samkvæmt 29. gr.

Að lokinni könnun og leiðréttingu bótaskrár, skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar afhenda úthlutunarnefnd eintak af henni ásamt nægilegu fé til greiðslu bóta. Að lokinni greiðslu skal úthlutunarnefnd skila eintaki af skránni með áritaðri kvittun bótaþega.

29. gr.

Verði ágreiningur með nefndarmönnum í úthlutunarnefnd, sbr. 2. mgr. 27. gr., getur sá nefndarmaður, sem eigi vill una úrskurði meirihluta, skotið ágreiningi til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Á sama hátt getur úthlutunarnefnd og Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar skotið til sjóðsstjórnar ágreiningi skv. 1. mgr. 28. gr., sem eigi hefur náðst samkomulag um. Þá getur umsækjandi um bætur, sem eigi vill una ákvörðun úthlutunarnefndar eða Tryggingastofnunar ríkisins, skotið máli sínu til sjóðsstjórnar.

Sá, sem áfrýja vill máli til sjóðsstjórnar, skal senda henni greinargerð ásamt öllum sömu gögnum, sem lögð höfðu verið fyrir úthlutunarnefnd eða eftir atvikum Tryggingastofnun ríkisins, er þessir aðilar kváðu upp úrskurð sinn. Berist ný gögn, skal málið tekið upp að nýju og úrskurðað, áður en stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs tekur það til afgreiðslu.

Úrskurðir stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs um bætur eru endanlegir.

30. gr.

Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema þær kjósi að fela það Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmönnum hennar.

Umboðsmenn Tryggingastofnunar ríkisins skulu mánaðarlega senda Tryggingastofnuninni bótaskrár, sem þeir hafa afgreitt í liðnum mánuði, ásamt fylgiskjölum.

31. gr.

Stjórn sjóðsins skal fylgjast með störfum úthlutunarnefnda og Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar um allt, er atvinnuleysisbætur varðar.

VII. KAFLI

Um fjárreiður Atvinnuleysistryggingasjóðs.

32. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvarðanir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt, að sjóðurinn hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar. Við ávöxtun fjár sjóðsins skal þess jafnan gætt að örva atvinnu á þeim stöðum, þar sem slíks er þörf.

33. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lágum vöxtum eða vaxtalaus til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, þar sem atvinnuleysi er alvarlegt.

Áður en slík lán eru veitt skal liggja fyrir rannsókn á atvinnuþáttum og atvinnuöguleikum á þeim stöðum, þar sem skal lána samkvæmt þessari grein. Er stjórn sjóðsins heimilt að láta fara fram slíka rannsókn á sinn kostnað ef þurfa þykir.

Sjóðsstjórn skal leita umsagnar Framkvæmdastofnunar ríkisins og vinnumála-skrifstofu félagsmálaráðuneytisins áður en veitt eru lán samkvæmt þessari grein.

34. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita stéttarfélögum, samtökum þeirra, félögum atvinnurekenda og samtökum þeirra lán með lægri vöxtum en almennum útlánsvöxtum, til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi þeirra svo og veita slík lán til orlofsheimila launþega.

35. gr.

Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga með þeim forsendum:

1. að verulegt atvinnuleysi sé eða sé fyrir sjáanlegt í hlutaðeigandi sveitarfélagi sem útlit sé fyrir að verði langvarandi,
2. að sveitarfélagið láti hefja vinnu við tilgreindar framkvæmdir og ráði í því skyni til vinnu ákveðinn fjöldi atvinnulausra manna í héraðinu til ákveðins tíma,
3. að sveitarfélagið greiði laun fyrir þessa vinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi eða taxa verkalýðsfélags,
4. að hlutaðeigandi verkalýðsfélög og samtök atvinnurekenda samþykki styrkveitinguna,
5. að réttur atvinnulausra manna til bóta að framkvæmdum loknum verði a. m. k. hinn sami og hann var þegar þeir hófu umrædda vinnu, ef þeir verða þá atvinnulausir.

36. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán með lægri vöxtum en venjulegum útlánsvöxtum til að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir öryrkja. Ekki mega slík lán þó nema meiru en 40% stofnkostnaðar.

Þá er stjórninni heimilt að greiða allt að þriðjung reksturshalla slíkra stöðva, enda mæli endurhæfingarráð með því, að slíkur styrkur verði veittur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita styrki til endurþjálfunar starfsmannahópa, sem misst hafa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta. Stjórn sjóðsins er heimilt með styrkjum að greiða fyrir tilfærslu starfsmanna milli starfsgreina og vegna búferlaflutninga í atvinnuskyni.

37. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

38. gr.

Nú skortir sjóðinn reiðufé til að standa við skuldbindingar sínar. Skal stjórn sjóðsins þegar í stað tilkynna það ráðherra. Ríkissjóður skal leggja fram fé til að bæta úr fjárskortinum, annað hvort sem fjárframlag eða lán.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

39. gr.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótum samkvæmt lögum þessum, sem eigi hafa verið greiddar bótaþega. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda.

40. gr.

Sá, sem reynir að afla sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar um hagi sína, missir rétt til bóta.

Fyrsta brot varðar missi bóta í 2 mánuði, en ítrekað brot í eitt ár. Úthlutunarnefnd úrskurðar um missi bótaréttar af þessum sökum, en úrskurðum hennar má skjóta til stjórnar sjóðsins, sem úrskurðar endanlega um málið.

41. gr.

Ráðherra skal að tillögum sjóðsstjórnar setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

42. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli úr gildi lög nr. 57, 27. apríl 1973 um atvinnuleysistryggingar, lög nr. 29, 2. maí 1974, lög nr. 56, 27. maí 1975, lög nr. 30, 14. maí 1976 og lög nr. 18, 11. maí 1977 um breytingar á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Atvinnurekandi, sem gert hefur samkomulag við launþega í fiskvinnu, sem tryggir honum dagvinnukaup fyrir fyrstu fimm atvinnuleysisdaga í viku hverri á tímabilinu frá 1. mars 1980, á rétt á endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði á allt að 40% slíkra launagreiðslna til 1. mars 1981, en endurgreiðslan lækkar þann dag í 30% og lækkar síðan um 10% á ári hverju, uns hún fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984. Setja skal í reglugerðina ákvæði um nánari tilhögun endurgreiðslunnar.

Samkomulag samkvæmt grein þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar og hann hefur staðfest samninginn með áritun sinni.

II.

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar, er ráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi og kjararannsóknarnefnd hefur annast, þótt ákveðið verði, að hún yrði unnin af öðrum aðilum.

Á t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga í október s. l. segir í 5. lið:

„Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir lagasetningu á yfirstandandi þingi um atvinnuleysistryggingar sem feli m. a. í sér rýmkun bótaréttar, lengingu bótatíma, breytingar á atvinnuleysisskráningu og hækkun bóta.“

Auk þess sem í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir, var tekin sú ákvörðun að leggja til í frumvarpi þessu kerfisbreytingu bótagreiðslna. Í stað þess sem er í gild-

andi lögum, að bætur eru annað hvort heilar, ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. hálf t. (1032 dagvinnustundir), eða hálfar, ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. $\frac{1}{4}$ t. (516 dagvinnustundir), þá greiðast skv. frumvarpi þessu lágmarksbætur ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. 425 dagvinnustundir á s. l. 12 mánuðum. Bætur taka síðan hlutfallslegri hækkun miðað við vinnuframlag og ná hámarki ef umsækjandi hefur unnið a. m. k. 1700 dagvinnustundir s. l. 12 mánuði. Þessi kerfisbreyting leiðir því til þess að um lækkun bóta getur orðið að ræða í vissum tilvikum. T. d. fást nú hámarksbætur við a. m. k. 1700 stunda starf en fengust áður við 1032 stunda starf. Samkvæmt frumvarpinu byrjar bótaréttur fyrr og hann er jafnari og sanngjarnari en áður var.

Helstu breytingar sem í frumvarpi þessu felast eru annars eftirfarandi:

1. Í 16. gr. frv. er kvæðið á um, að til þess að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta, skuli maður hafa unnið a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum. Kemur þetta í stað ákvæða gildandi laga um 1032 dagvinnutíma í heilsdagsvinnu og 516 dagvinnutíma í hálf dagsvinnu.
2. Í 18. gr. er gert ráð fyrir því, að sá sem sækir námskeið eða gengur undir starfsþjálfun til þess að öðlast hæfni í starfi sínu eða til að stunda ný störf, njóti á meðan bóta í allt að 6 vikur, ef atvinnuleysi hefði skapað honum rétt til slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða dvölín á námskeiðinu hófst.

Skv. frv. er það ekki skilyrði fyrir greiðslu bóta í þessum tilvikum, að þátttalandi njóti atvinnuleysisbóta, eins og nú er skv. gildandi lögum. Er ákvæði þessu ætlað að stuðla að því að launafólk geti notið starfsþjálfunar vegna nýrrar tækni eða breyttra atvinnuhátta til þess að halda starfi sínu.

3. Í 20. gr. frv. er nú gert ráð fyrir því að umsækjandi bóta skuli skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun. Kemur þetta í stað ákvæða gildandi laga um daglega skráningu. Einnig er í greininni nýmæli þess efnis, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti við tiltekna kringumstæður ákveðið, að skráning fari fram oftari en vikulega.
4. Í 22. gr. er lagt til að bótadögum verði fjölgað úr 130 í 180 á 12 mánaða tímabili.
5. Í 23. gr. frv. er nú að finna ákvæði um ákvörðun dagpeninga. Dagpeningar eru samkvæmt frv. á bilinu $\frac{1}{4}$ hluti til fullra launa skv. efsta starfsaldursþrepi 8. fl. Verkamannasambands Íslands. Að auki eru barnadagpeningar 4% nefndra launa fyrir hvert barn. Loks er ákveðið að greiða skuli iðgjald til lífeyrissjóðs af bótunum. Greiðir bótaþegi 4% og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%. Hér er horfið frá reglu 18. gr. núgildandi laga um ákvörðun dagpeninga. Skv. gildandi lögum miðast dagpeningar við næstlægsta taxta Dagsbrúnar og eru 80% launanna fyrir aðalfyrirvinnu heimilisins, 70% til einstaklinga og 6,5% með hverju barni, þó ekki fleiri en þremur.

Hálf dagsvinna veitir rétt til hálfra dagpeninga. Er þannig um það að ræða skv. gildandi lögum, að bótaþegi njóti annað hvort fullra eða hálfra bóta, mismunandi eftir framfærslubyrði.

Samkv. frv. verða dagpeningar frá fjórðungi launa til fullra launa, lítið er á hvern bótaþega sem sjálfstæðan aðila án tillits til hjúskaparstéttar eða tekna maka og ekki er takmarkaður fjöldi barna sem greitt er með skv. frv.

6. Í 24. gr. frv. er ákvæði um hvernig bótaréttur einstakra umsækjenda er ákvarðaður. Miðað er við dagvinnustundafjölda á síðustu 12 mánuðum. Hámarksbætur greiðast, þegar dagvinnustundir eru 1700 eða fleiri, en lágmarksbætur þegar þær eru 425. Skulu greiðsluþrep vera 76, frá 25% til 100% viðmiðunarlauna, þ. e. hækki um eitt prósent fyrir hvert þrep eftir starfstímafjölda frá 425 til 1700 dagvinnustunda á síðustu 12 mánuðum.

Hér er um verulega breyttar reglur að ræða frá gildandi lögum.

7. Í 38. gr. er nú gert ráð fyrir því að ríkissjóður ábyrgist greiðslur úr sjóðnum ef hann þrýtur fé.

Ýmsar aðrar breytingar eru á frumvarpi þessu, sem greint verður frá í athugasemdum við einstakar greinar.

Nokkur dæmi um atvinnuleysisbætur skv. l. nr. 57/1973 og frumvarpi.

Miðað við febrúar 1981.

	Dagv. st. 425 L 57/73 FRV.	Dagv. st. 516 L 57/73 FRV.	Dagv.st. 1000 L 57/73 FRV.	Dagv. st. 1100 L 57/73 FRV.	Dagv. st. 1360 L 57/73 FRV.	Dagv. st. 1700 L 57/73 FRV.
Pað hjóna eða sambúa, sem						
telst aðalfyrirvinna heimilis	0 44.78	66.88 55.53	66.88 105.68	133.76 116.43	133.76 143.30	133.76 179.12
Með 1 barn	0 51.94	77.75 62.69	77.75 112.84	144.63 123.59	144.63 150.46	144.63 186.28
Með 3 börn	0 66.25	99.49 77.01	99.49 127.16	166.37 137.91	166.37 164.78	166.37 200.60
Með 5 börn	0 80.58	99.49 91.33	99.49 141.48	166.37 152.23	166.37 179.10	166.37 214.92
Pað hjóna eða sambúa, sem ekki						
telst aðalfyrirvinna heimilis	0 44.78	58.52 55.33	58.52 105.68	117.04 116.43	117.04 143.30	117.04 179.12
Með 1 barn	0 51.94	58.52 62.69	58.52 112.84	117.04 123.59	117.04 150.46	117.04 186.28
Með 3 börn	0 66.25	58.52 77.01	58.52 127.16	117.04 137.91	117.04 164.78	117.04 200.60
Með 5 börn	0 80.58	58.52 91.33	58.52 141.48	117.04 152.23	117.04 179.10	117.04 214.92
Einstaklingur						
Með 1 barn	0 44.78	58.52 55.33	58.52 105.68	117.04 116.43	117.04 143.30	117.04 179.12
Með 3 börn	0 51.94	69.39 62.69	69.39 112.84	127.91 123.59	127.91 150.46	127.91 186.28
Með 5 börn	0 66.25	91.13 77.01	91.13 127.16	149.65 137.91	149.65 164.78	149.65 200.60
Með 5 börn	0 80.58	91.13 91.33	91.13 141.48	149.65 152.23	149.65 179.10	149.65 214.92

Samkvæmt l. 57/1973 eru hjónum eða sambúum, sem bæði njóta atvinnuleysisbóta samtímis, greiddar bætur einstaklings hvoru um sig, eftir atvikum hálfar eða heilar, en ekkert með börnum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Greinin kveður á um sömu atriði og 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 4. gr. núgildandi laga nr. 57/1973. Nú er talað um stéttarfélög í stað verkalýðsfélaga áður og fellt er niður beint ákvæði 1. mgr. 4. gr. eldri laga um að lögin taki til atvinnurekenda.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar fjalla um efni 4. mgr. 4. gr. gildandi laga. Hugtakið stéttarfélag (áður verkalýðsfélag) er skilgreint nokkuð nánar en áður var. Þá er í 3. gr. itarlegri ákvörðun um, til hvaða starfsstétta lögin taka ekki. Í gildandi ákvæðum 4. mgr. 4. gr. segir að félög fastlaunaðra opinberra starfsmanna, lækna og annarra sambærilegra aðila teljist ekki til verkalýðsfélaga. En í 3. gr. frv. segir að ákvæði laganna taki ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna, lækna, lögfræðinga, endurskoðenda, verkfræðinga né annarra sambærilegra aðila.

Um 4. gr.

Greinin er ásamt ákvæðum 2. mgr. 9. gr. efnislega óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Samhljóða 2. mgr., sbr. og 1. mgr. 1. gr. gildandi laga. Niður er felld 3. mgr. 1. gr. l. 57/1973 um sérreikninga verkalýðsfélaga við sjóðinn. Jafnhliða eru felld niður öll ákvæði 7. gr. gildandi laga um sérreikninga.

Um 6. gr.

Greinin er samhljóða 2. gr. gildandi laga, að öðru leyti en því, að nú er lagt til að ráðherra hafi heimild til að skipa formann og varaformann úr hópi allra aðalmanna, en ekki aðeins þeirra sem skipaðir eru af alþingi, eins og nú er í lögnum.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 3. gr. gildandi laga. Fram er tekið að Tryggingastofnun ríkisins fari með ákveðin málefni sjóðsins í umboði sjóðsstjórnar. Niður eru nú felld ákvæði um ávöxtun fjár m. a. að það skuli ávaxta þar, sem það fellur til, svo sem við verður komið. Vísast til VII. kafla um þetta efni.

Um 8. gr.

Greinin er ný. Lagt er til að ríkisendurskoðun endurskoði reikninga sjóðsins, en svo hefur alla tíð verið í raun.

Um 9. gr.

1. mgr. svarar til fyrri málsliðar 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr. gildandi laga. Felld er niður það ákvæði, að bændur séu ekki gjaldskyldir vegna vinnu, sem unnin er við búrekstur þeirra. Þá er lagt til að af iðnnemum skuli nú greitt iðgjald.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um ákvörðun iðgjalds atvinnurekenda, en þau ákvæði eru í 5. gr. gildandi laga. Í stað þess að miða við lægsta taxta Dagsbrúnar er nú gert ráð fyrir því að miðað skuli við 8. taxta Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrep. Þetta mun samsvara 3. taxta samkvæmt eldra kerfi og eru bótafjárhæðir skv. frv. einnig miðaðar við þennan taxta. Í gildandi lögum fer um ákvörðun á vinnuvikufjölda skv. ákvæðum almannatrygginga um iðgjald atvinnurekenda til slysatrygginga. Á þeirri viðmiðun hafa eins og kunnugt er orðið breytingar og er því í frumvarpi þessu tekið upp beint ákvæði um ákvörðun tryggingarvika, en tilvísun til almannatryggingalaga felld niður, þar eð hin tilvitnuðu ákvæði hafa verið numin úr lögum.

Um 11. gr.

Greinin fjallar um framtalsskyldu launagreiðenda og er ekki um efnisbreytingar að ræða frá því, sem segir í 6. gr. gildandi laga. Þó er fellt niður sérstakt ákvæði um framtal skattfrjálsra aðila, enda virðist ekki þörf á sérákvæði varðandi þá.

Um 12. gr.

Greinin fjallar um álagningu iðgjalda. Hún samsvarar 1. mgr. 6. gr. og 8. gr. núgildandi laga. Vitnað er til núgildandi laga um tekju- og eignarskatt að því er framkvæmd skattstjóra varðar. Þá er kveðið á um að gjalddagar iðgjalda séu hinir sömu og tekjuskatts og eignarskatts, en skv. gildandi lögum átti að ákveða þá með reglugerð.

Um 13. gr.

1. mgr. greinarinnar samsvarar 1. mgr. 13. gr. núgildandi laga um innheimtu. Fellt er niður það ákvæði að Tryggingastofnun ríkisins innheimti iðgjöld hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Ekki er í frv. ákvæði um innheimtulaun vegna innheimtu iðgjalda sem áður var í 2. mgr. 13. gr., sem nú verður samhljóða 9. gr. gildandi laga, nema að niður er fellt ákvæði um lögveð í húsum og öðrum mannvirkjum fyrir iðgjöldum vegna byggingar þeirra.

Um 14. gr.

Greinin fjallar um framlag sveitarfélaga. Hún samsvarar 1. málslíð 3. mgr. 13. gr. núgildandi laga. Niður falla ákvæði 11. gr. gildandi laga og síðari málslíður 3. mgr. 13. gr. um viðmiðun framlagsins við sérreikninga verkalýðsfélaganna. Þá er gert ráð fyrir því að áætlað framlag sveitarfélags greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnæðarskil skuli gerð þegar iðgjöld skv. 10. gr. hafi endanlega verið ákveðin. Hér eru gjalddagar á framlagi sveitarfélaga samræmdir gjalddögum ríkissjóðsframlaga í 15. gr. frumvarpsins. Ákvæði um dráttarvexti er nýmæli.

Um 15. gr.

Greinin fjallar um framlag ríkissjóðs, en ákvæði um það er í 12. gr. gildandi laga. Framlagið er áfram tvöfalt framlag atvinnurekenda. Niður falla ákvæði um færslu á sérreikningum verkalýðsfélaga. Tekið er fram að Tryggingastofnun ríkisins skuli innheimta framlagið. Ákvæðið um dráttarvexti er nýmæli.

Um 16. gr.

Töluliðir 1—3 eru hinir sömu og í 15. gr. gildandi laga. Í 1. mgr. 4. tl. er nú svo kveðið á, að til þess að öðlast rétt, skuli maður hafa unnið a. m. k. 425 dagvinnustundir í tryggingarskyldri vinnu á síðustu 12 mánuðum. Kemur þetta í stað ákvæða gildandi laga um 1032 dagvinnutíma í heilsdagvinnu og 516 dagvinnutíma í hálf-dagsvinnu. 2. mgr. 4. tl. er óbreytt frá gildandi lögum. Í 2. mgr. d-liðar 15. gr. gildandi laga er sérákvæði um skólafólk, en þar er kveðið á um það, að skólafólk sem stundar vinnu að námi loknu, teljist hafa fullnægt ákvæði þessa stafliðs, hafi það á síðustu 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. 3 mánuði og skólanám í 6 mánuði. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að niður falli þetta ákvæði og vísast til 5. mgr. 24. gr. frv. um bótarétt skólafólks. 5. tl. samsvarar 1. og 2. mgr. e-liðar 15. gr. gildandi laga. Sanna skal atvinnuleysi 3 eða fleiri heila vinnudaga. Skv. 22. gr. frumvarpsins greiðast bætur frá og með 1. skráningardegi, en því aðeins að atvinnuleysistímabil sé a. m. k. 3 dagar, og er þetta óbreytt frá gildandi lögum.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um geymdan bótarétt. Ákvæði um þetta efni er í 5. og 6. mgr. d-liðar 15. gr. gildandi laga. Auk þess, sem verið hefur, að bótaréttur geymist allt að 24 mánuðum, ef hinn tryggði tekur starfi, sem ekki er tryggingarskyllt, er nú kveðið

á um, að sama gildi um þá, sem taka að stunda nám eða heimilisstörf allt að sama tíma. Sama tímamark gildir nú um þá, sem verða frá störfum vegna veikinda, en í frumvarpi þessu er tímatakmörkun felld niður þegar um veikindi er að ræða. Með lögum um breytingu á almannatryggingalögum, um fæðingarorlof, voru áður felld niður ákvæði laganna um atvinnuleysisbætur í fæðingarorlofi.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um atvinnuleysisbætur til handa þeim, sem sækja námskeið eða ganga undir starfsþjálfun, svo og styrki til rekstrarstarfs þjálfunarnámskeiða. Ákvæði um þetta efni er í 7. mgr. d-liðs 15. gr. svo og 24. gr. gildandi laga. Samkv. frumv. þessu er það hins vegar ekki gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta, að þátttakandi njóti atvinnuleysisbóta, þegar námskeið eða starfsþjálfun hefst. Hann þarf aðeins að fullnægja almennum skilyrðum, þannig að atvinnuleysi hefði skapað honum bótarétt. Þá er í frv. kveðið ótvírætt á um það, að heimilt sé að veita styrki til rekstrar starfsþjálfunarnámskeiða, og þarf þá ekki að vera um greiðslu til einstakra þátttakenda að ræða.

Um 19. gr.

Greinin er efnislega eins og 8. mgr. og síðasta málsgrein d-liðar 15. gr. gildandi laga.

Um 20. gr.

Greinin fjallar um skráningu umsækjanda hjá vinnumiðlun. Hliðstæð ákvæði eru nú í 3. mgr. e-liðar 15. gr. gildandi laga. Í frv. er nú ákveðið að umsækjandi um bætur skuli skrá sig vikulega hjá vinnumiðlun, en í gildandi lögum er mælt fyrir um daglega skráningu. Í greininni er einnig nýmæli þess efnis, að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti við tilteknar kringumstæður ákveðið, að skráning fari fram oftár en vikulega. Eru þá höfð í huga þau tilvik þegar skyndilegar breytingar eru á atvinnuástandi og rök standi til þess tímabundið að herða skráningu atvinnulausra og leggja aukna áherslu á vinnumiðlun í því sambandi.

Um 21. gr.

Greinin fjallar um hverjir eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Fyrsti töluliður er samhljóða a-lið 1. mgr. 16. gr. gildandi laga. 2. töluliður er eins og b-liður 1. mgr. 16. gr. gildandi laga, nema að því leyti að fellt er niður ákvæði um að bætur greiðist ekki þeim, sem njóta launa, en það ákvæði er óþarft.

3. töluliður er efnislega samhljóða d-lið 1. mgr. 16. gr. gildandi laga en þó er gerð til þess krafa að frelsissvipting manna sé með dómi.

4. töluliður fjallar um þá, sem sjálfir eiga sök á atvinnuleysi sínu. Ákvæði þetta er nú í c-lið 1. mgr. og 3. mgr. 16. gr. gildandi laga. Nokkru nánar er hér kveðið á en nú er, en í fullu samræmi við það sem verið hefur í framkvæmd. Samkvæmt gildandi lögum falla niður bótagreiðslur þeirra í 30 virka daga sem misst hafa vinnu af ástæðum sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkjuskaparóreglu.

Samkvæmt 4. tl. 21. gr. fellur bótaréttur niður í sambærilegum tilvikum í fyrsta sinn 30 bótagdagum, og skerðist bótagímabil sem þessu nemur.

5. töluliður er samhljóða upphafi e-liðar 1. mgr. 16. gr. gildandi laga.

6. töluliður fjallar um skyldu umsækjanda til að taka vinnu, sem boðin er, svo og rétt hans til að hafna vinnu, svo sem nánar er ákveðið. Greinin er efnislega óbreytt frá e-lið 2. mgr. 16. gr. gildandi laga.

7. töluliður kemur í stað f-liðar 1. mgr. 16. gr. gildandi laga, um þá sem stunda vinnu í eigin þágu. Í gildandi lögum er ekkert tekjumark tilgreint, en í frv. þessu er svo ákveðið að tekjur af vinnu í eigin þágu, sem samsvara 8. taxta Verkamanna-sambands Íslands, svipti menn bótarétti.

8. tl. frv. kemur ásamt 40. gr. í stað 2. mgr. 16. gr. gildandi laga um sviptingu bótaréttar og viðurlög vegna rangra eða villandi upplýsinga í sambandi við bóta-
umsókn.

Í frumv. er ekki ákvæði sem svarar til g-liðar 1. mgr. 16. gr., þar sem ákvæðið er að bætur greiðist ekki þeim, sem á maka er hefur tekjur yfir ákveðnu marki. Í frv. þessu eru því engin ákvæði um viðmiðun við tekjur umsækjanda eða maka hans.

Um 22. gr.

Greinin fjallar um bótagreiðslur og fjölda bótagagna og svarar til 17. gr. gildandi laga. Niður er fellt ákvæði um að greiða minnst 3 atvinnuleysisdaga, en í 5. tl. 16. gr. frv. þarf umsækjandi að sanna með vottorði að hann hafi verið atvinnulaus 3 daga eða fleiri. Samkv. 22. gr. frv. eru bætur hins vegar greiddar frá fyrsta skráningardegi. Bótadögum er fjölgað úr 130 í 180 á 12 mán. tímabili.

Um 23. gr.

Hér er að finna ákvæði um ákvörðun dagpeninga. Dagpeningar eru skv. frv. á bilinu $\frac{1}{4}$ hluti til fullra launa skv. efsta starfsaldursþrepi 8. fl. Verkamannasambands Íslands. Að auki eru barnadagpeningar 4% nefndra launa fyrir hvert barn. Loks er ákveðið að greiða skuli iðgjald til lífeyrissjóðs af bótunum. Greiðir bótaþegi 4% og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%. Hér er horfið frá reglu 18. gr. núverandi laga um ákvörðun dagpeninga. Þeir miðast nú við lægsta taxta Dagsbrúnar og eru 80% launanna fyrir aðalfyrirvinnu heimilisins, 70% til einstaklings og 6.5% með hverju barni, þó ekki fleiri en þremur. Hálf dagsvinna veitir rétt til hálfra dagpeninga. Er þannig aðeins um að ræða annað hvort fullar eða hálfar bætur skv. gildandi lögum, mismunandi eftir framfærslubyrði. Samkv. frv. verða dagpeningar frá fjórðungi launa til fullra launa, ekki aðgreining eftir hjúskaparstétt og ekki takmarkaður fjöldi barna sem greitt er með. Til þessa hefur aðeins verið greitt með börnum, þegar aðalfyrirvinna í hjúskap eða sambúð eða einstaklingur nýtur atvinnuleysisbóta, en skv. frv. verður nú greitt með börnum allra bótaþega. Greiðslur til lífeyrissjóðs eru nýmæli.

Um 24. gr.

Í greininni er ákvæði um, hvernig bótaréttur einstakra umsækjanda er ákvarðaður. Miðað er við dagvinnustundafjölda á síðustu 12 mán. Hámarksbætur greiddast þegar dagvinnustundir eru 1700 eða fleiri, en lágmarksbætur þegar þær eru 425. Greiðslur með börnum eru alltaf 4% viðmiðunarlauna sbr. 2. mgr. Í 3. mgr. er svo ákveðið, að reglubundin vaktavinna og vinna sem eðli sínu samkvæmt er alltaf unnin utan venjulegs dagvinnutíma, jafngildi dagvinnu í þessu sambandi. Þetta er í samræmi við þá framkvæmd sem til þessa hefur verið viðhöfð. Í 4. mgr. er svo undantekning frá ákvæðum 1. mgr. 22. gr. að sé nauðsynlegt að skerða vinnutíma starfsmanna almennt, skuli greiða hluta bóta sem skerðingu nemur. Í 5. mgr. er ákvæði um rétt. sem umsækjandi öðlast vegna skólanáms og eru þau lík ákvæðum 2. mgr. d-liðs 15. gr. gildandi laga. Í 6. mgr. er ákvæði um geymdan bótarétt, sbr. 17. gr. frv. Samkv. því heldur umsækjandi hinum geymda rétti, þar til starfstími hans, eftir að geymslutíma lýkur, fer að hafa áhrif til breytinga. Í 7. mgr. segir að tími sá. er umsækjandi naut atvinnuleysisbóta á síðustu 12 mánuðum, teljist til réttindaöflunar. Þetta er nauðsynlegt vegna kröfunnar um þátttöku á vinnumarkaði undanfarna 12 mánuði og er í samræmi við framkvæmd gildandi laga. Í 8. mgr. eru ákvæði um fjárhæðir dagpeninga. Skulu greiðsluþrep vera 76, frá 25% til 100% viðmiðunarlauna, hækki um 1% við hvert þrep eftir starfstímafjölda frá 425 til 1700 dagvinnustunda á síðustu 12 mánuðum.

Eins og sjá má eru ákvæði frv. um ákvörðun bótafjárhæða mjög breytt frá ákvæðum 18. gr. gildandi laga. Auk þess, sem fram er komið, er í frv. fellt niður ákvæði þess efnis, að örorkubætur, sem umsækjandi kann að njóta, dragist frá atvinnuleysisbótum.

Um 25. gr.

Ákvæði gr. um skipun úthlutunarnefnda eru efnislega óbreytt frá 14. gr. gildandi laga.

Um 26. gr.

Ákvæði gr. um gerð eyðublaða er efnislega óbreytt frá 20. gr. gildandi laga.

Um 27. gr.

Greinin fjallar um störf úthlutunarnefnda. Efni hennar er að nokkru að finna í 21. gr. gildandi laga en er að sumu leyti nýtt, með tilliti til nýrra bótareglna þegar hundraðshluti bóta hvers bótaþega skal ákveðinn.

Um 28. gr.

Greinin fjallar um athugun og afgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins á bótaúrskurðum úthlutunarnefnda. Ákvæði þetta er að finna efnislega í 21. gr. gildandi laga.

Um 29. gr.

Greinin fjallar um meðferð ágreinings varðandi úrskurð bóta. Efni hennar er nú að finna í 14. gr., sbr. 21. gr. gildandi laga.

Um 30. gr.

Greinin er um útborgun bóta og er sambærileg 21. gr. gildandi laga.

Um 31. gr.

Greinin er ný og fjallar um skyldu sjóðsstjórnar til þess að fylgjast með störfum úthlutunarnefnda, Tryggingastofnunar ríkisins og umboðsmanna hennar að því er atvinnuleysisbætur varðar.

Um 32. gr.

Í greininni er ákveðið að sjóðsstjórn taki ákvarðanir um ávöxtun sjóðsins, að hún skuli gæta þess að hafa jafnan nægilegt lausafé og gæta þess við ávöxtun sjóðsins að örva atvinnu á þeim stöðum þar sem þess er þörf. Fellt er niður ákvæði í 3. gr. gildandi laga þess efnis, að Tryggingastofnun ríkisins ávaxti handbært fé sjóðsins á þeim stöðum, þar sem það fellur til, svo sem við verður komið.

Um 33. gr.

Greinin fjallar um heimild sjóðsstjórnar til þess að veita lán með lágum vöxtum eða vaxtalaus til staða, þar sem atvinnuleysi er alvarlegt eða lítur út fyrir að verða það. Greinin er í verulegum atriðum eins og 1. til 3. mgr. 22. gr. gildandi laga. Þó er fellt niður heimild til þess að hafa lán sem þessi afborgunarlaus um tiltekið árabíl, svo og að veita þau gegn ábyrgð sveitarfélags einni saman.

Um 34. gr.

Greinin er efnislega eins og 4. mgr. 22. gr. gildandi laga um lán til stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda.

Um 35. gr.

Greinin fjallar um heimild sjóðsstjórnar til þess að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga vegna verulegs atvinnuleysis þar. Greinin er efnislega eins og 23. gr. gildandi laga að því er varðar styrkveitingar. Hins vegar er felld niður heimild til þess að veita öðrum aðilum vaxtalaus lán við sömu kringumstæður. Virðist þess ákvæðis varla þörf vegna ákvæða 33. gr. frv.

Um 36. gr.

Greinin fjallar um heimild til lánveitinga til þess að koma á fót vinnu- og þjálfunarstöðvum fyrir öryrkja, svo og heimild til þess að greiða hluta rekstrarhalla slíkra stöðva. Breytingar frá ákvæðum 25. gr. gildandi laga eru þær helstar, að þar var lánstími greindra lána ákveðinn 20 ár og ársvextir 5%. Í frv. er lánstími ekki ákveðinn og um vexti segir að þeir megi vera lægri en venjulegir útlánsvextir.

Um 37. gr.

Til lánveitinga og styrkja skv. þessum kafla er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins og er það ákvæði efnislega sama og í 27. gr. gildandi laga.

Um 38. gr.

Greinin er ný og felur í sér ábyrgð rikissjóðs á greiðslum úr sjóðnum ef hann þrýtur fé, annað hvort í formi greiðslu eða láns. Í gildandi lögum er ekki ákvæði um slíka ábyrgð. Skv. 19. gr. gildandi laga skulu bætur greiðast úr sérreikningi félags bótaþega. Sé þar ekki fé fyrir hendi, má lána stofnfé sjóðsins til greiðslna. Sé það einnig þrotið, má lána fé milli sérreikninga. Ekki eru frekari ákvæði í gildandi lögum sem tryggja bótagreiðslur.

Um 39. gr.

Greinin er hliðstæð síðustu mgr. 18. gr. núgildandi laga.

Um 40. gr.

Greinin fjallar um tilraun til að afla bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar. Ákvæði um þetta er nú í 2. mgr. 16. gr. Refsing við fyrsta brot er samkv. frv. eins og í gildandi lögum. Bótamissir í tvo mánuði. Ítrekað brot varðar bótamissi í eitt ár. Samkv. gildandi lögum varðar annað brot bótamissi í tvö ár og þriðja brot bótamissi fyrir fullt og allt.

Um 41. gr.

Greinin svarar til 30. gr. núgildandi laga.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um I.

Felur í sér efni 26. gr. gildandi laga.

Um II.

Samhljóða ákvæði til bráðabirgða með gildandi lögum.